



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 326

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

**Dagsetning og tími:** 14. maí kl. 14:00.

Mætt voru Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB) í fjarfundarbúnaði, Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS) í fjarfundarbúnaði, sem ritaði fundargerð. Þá mættu á fundinn starfsmenn SASS, Elísabet Björney Lárusdóttir og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir í fjarfundarbúnaði, og Bjarni Guðmundsson.

### **1. Elísabet Björney Lárusdóttir og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir fara yfir kynningar- og fræðslumál, Umhverfis Suðurland (Ísland) og svæðisáætlanagerð**

Elísabet Björney og Guðrún Ásdís fara yfir möguleika í kynningar- og fræðslumálum á vegum SOS og í sameiginlegri svæðisáætlanagerð fyrir Suðurlandið o.fl.

A.

Guðrún Ásdís fer yfir áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands, *Umhverfis Suðurland*, sem hefur verið að þróast yfir í að ná yfir allt Ísland. Verkefnið hefur það að markmiði að fræða og auka vitund íbúa um umhverfismálin og hvetja grasrótina til góðra verka og snýst um að einfalda stoðkerfið og boðleiðir í tengslum við málaflokkinn og veita faglegan stuðning til íbúa á Suðurlandi. Stefnt er að því að skapa netvang þar sem stoðkerfi umhverfismála verður skilgreint. Rætt um nauðsyn þess að hafa verkefnastjóra yfir slíku verkefni sem haldi utan um það, útbúi og miðli fræðslu til íbúa, greini stoðkerfi og vinni að þarfagreiningu, komi hugsanlega að verkefnum sem eru bundin við afmörkuð svæði á Suðurlandi eins og verkefnið *Umhverfis Hornafjörð* o.fl. Jafnframt rætt um mikilvægi þess að koma út samræmdum leiðbeiningum og fræðslu um m.a. flokkunarkerfið með einföldum skilaboðum sem eru öllum íbúum aðgengileg.

Stjórn SOS lýsir yfir áhuga á aðkomu að verkefninu með það að markmiði að koma samræmdum leiðbeiningum og fræðslu til íbúa aðildarsveitarfélaga SOS. Farið yfir mögulegar útfærslur að aðkomu SOS að verkefninu og ákveðið að Guðrún Ásdís og Elísabet Björney stilli upp tillögu að útfærslu á aðkomu SOS að afmörkuðum hlutum áhersluverkefnisins *Umhverfis Suðurland* með hliðsjón af kostnaðaráætlun verkefnisins og með þessi markmið SOS í huga.

B.

Elísabet Björney fer yfir stöðuna varðandi sameiginlega svæðisáætlanagerð skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Sveitarfélög á Suðurlandi að Mýrdal eru

Þátttakendur í sameiginlegri svæðisáætlun 2022-2033 ásamt Sorpu, Kólku og Sorpurðun Vesturlands. Rætt um áhrif nýju hringrásarlaganna nr. 103/2021 á gildandi svæðisáætlun og stöðu þeirra sveitarfélaga á Suðurlandi sem ekki eru hluti af SOS og eru ekki með löggilda svæðisáætlun. Farið yfir möguleikann á sameiginlegri svæðisáætlun fyrir allt Suðurlandið sem myndi byggja á innleiðingu á hringrásarhagkerfi á Suðurlandi og mögulegan ávinning og samlegðaráhrif af því að vinna slíka svæðisáætlun fyrir Suðurlandið í heild.

Stjórn SOS tekur vel í að unnin verði sameiginleg svæðisáætlun fyrir Suðurlandið í heild sinni. Formanni falið að vinna málið áfram í samráði við stjórn SASS vegna þeirra sveitarfélaga á svæðinu sem standa fyrir utan SOS varðandi mögulega útfærslu og næstu skref.

## **2. Önnur mál**

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 16:00.